

## Afgreiðslufundur

Ár 2024 þriðjudaginn 23. apríl, kl. 9:00 var haldinn 1769. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Rósa Magnúsdóttir, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

- Lögð fram umsókn Marinar ehf., kt. 580222-0480, dags. 9. desember 2023, um starfsleyfi fyrir framleiðslu á hráefnum fyrir starfsstöðvar Tokyo Sushi og framleiðslu á forpökkuðum réttum til sölu í smásölu (Marinar) að Viðarhöfða 3, F2043270, rými 01 0102. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Munnbitans ehf., kt. 691113-0190, dags. 13. febrúar 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús, framleiðslu á forpökkuðum pizzum og sósum til sölu í smásölu (Minigarðurinn og Flavor) að Skútuvogi 2, F2020881, rými 01 0102. Breytingar á starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Alabama ehf., kt. 680423-0910, dags. 12. janúar 2024 um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Askur) að Suðurlandsbraut 4a, F2012665, rými 03 0101. Eigendaskipti.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Rain ehf., kt. 550405-0400, dags. 5. maí 2021, um starfsleyfi fyrir innflutningi á matvælum og matvöruverslun með forpökkuð matvæli (Conservas de Reykjavík) að Laugavegi 53b, F2253642, rými 01 0101. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Bus Station – verslun ehf., kt. 490424-0240, dags. 16. apríl 2024, um starfsleyfi fyrir söluturn með pylsum og grilluðum samlokum (Bus Station – verslun) að Þönglabakka 4, F2046811, rými 01 0102. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn RoundAbout ehf., kt. 550415-0460, dags. 3. apríl 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Bao Bite) að Laugavegi 3, F2004406, rými 01 0101. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 1. mars 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 21. desember 2023, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Alabama ehf., kt. 680423-0910, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Askur) að Suðurlandsbraut 4a, F2012665, rými 03 0101.  
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð.

8. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 11. desember 2023, vegna bréfs sýslumanns, dags. 19. október 2023, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Ólíuverzlunar Íslands hf., kt. 500269-3249, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa (Olís Norðlingaholti) að Norðlingabraut 7, F2299484, rými 0101.  
Samþykkt að gefa neikvæða umsögn sbr. ákv. 14. gr. *reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002* og 1. gr. *reglugerðar 506/2010*. Fyrir liggur neikvæð umsögn byggingarfulltrúa frá 11. desember 2023. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð.
9. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 12. desember 2023, vegna bréfs sýslumanns, dags. 12. desember 2023, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Ólíuverzlunar Íslands hf., kt. 500269-3249, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa (Olís Gullinbrú) að Fjallkonuvegi 1, F2041743, rými 0101  
Samþykkt að gefa neikvæða umsögn sbr. ákv. 14. gr. *reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002* og 1. gr. *reglugerðar 506/2010*. Fyrir liggur neikvæð umsögn byggingarfulltrúa frá 21. desember 2023. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð.
10. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 15. apríl 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 5. apríl 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Instrumenta ehf., kt. 520521-1000, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Ítalía) að Frakkastíg 8b, F2004742, rými 01 0209.  
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Starfsleyfi í gildi til 9. apríl 2036.
11. Lögð fram umsókn Tannlæknastofu Vesturbæjar ehf., kt. 710102-2280, dags. 25. mars 2024, um skráningu á tannlæknastofu (Tannlæknastofa Vesturbæjar) að Sólvallagötu 84, F2262679, rými 01 0114. Ný starfsemi.  
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir tannlæknastofur*.
12. Lögð fram umsókn Sirkuss Íslands ehf., kt. 431186-1369, dags. 25. mars 2024, um starfsleyfi fyrir Sirkustjaldið Jöklu við Vatnsmýrarveg. Tímabundið leyfi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi frá 1. júlí - 1. ágúst 2024 með *Starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir Sirkustjaldið Jöklu við Vatnsmýrarveg frá 1. júlí til 1. ágúst 2024*, með fyrirvara um leyfi landeiganda.
13. Lögð fram umsókn Smurstöðvarinnar Klappar ehf., kt. 530194-2809, dags. 12. mars 2024 að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir smurstöð, bifreiðaverkstæði og hjólbarðaverkstæði (Smurstöðin Klöpp) að Vegmúla 4, F2012723, rými 06 0101. Endurnýjun starfsleyfis.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, Samræmdum*

*starfsleyfisskilyrðum fyrir smurstöðvar, Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur og Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir hjólbarðaverkstæði.*

14. Lögð fram umsókn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, kt. 530269-7609, dags. 2. ágúst 2023, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir móttökustöð fyrir úrgang og móttöku á úrgangi til endurvinnslu á lóð Sævarhöfða 6-10. Ný starfsemi.

*Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 3. ára með Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Starfsleyfisskilyrðum fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, skrifstofu framkvæmda og viðhalds vegna móttökustöðvar fyrir úrgang/millilager mengaðs efnis og móttöku á úrgangi til endurnýtingar að Sævarhöfða 6-10.*

15. Lögð fram umsókn Bus Station – verslun ehf., kt. 490424-0240, dags. 15. apríl 2024, um leyfi til tóbakssölu (Bus Station - verslun) að Þönglabakka 1. Nýtt leyfi.

*Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum.*

16. Lögð fram umsókn SH Import ehf., kt. 610420-0950, dags. 16. apríl 2024, um leyfi til tóbakssölu (Piknik) að Lóuhólum 2-6. Endurnýjun leyfis.

*Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum.*

Fundi slitið 10:04

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Rósa Magnúsdóttir